

AUGLÝSING

um umferð og umferðarmerki í Ísafjarðarkaupstað.

1.

Samkvæmt heimild í umferðarlögum nr. 26 2. maí 1958, 65. grein og breytingum á þeim nr. 40 12. maí 1965 og nr. 62 13. maí 1966, hefur bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar samþykkt, að eftirtaldir vegir og götur á Ísafirði skuli teljast aðalbrautir:

1. Fjarðarstræti.
2. Aðalstræti frá Silfurtorgi.
3. Suðurgata.
4. Hafnarstræti.
5. Seljalandsvegur.

2.

Einstefnuakstur.

Samkvæmt ályktun bæjarstjórnar hefur verið ákveðinn einstefnuakstur um þessar götur og götukafla:

1. Aðalstræti frá Austurvegi á Silfurtorg.
2. Silfurgötu frá Silfurtorgi að Sundstræti.
3. Þvergötu frá Brunngötu á Sundstræti.
4. Eyrargötu frá sjúkrahúsi og á Túngötu.
6. Mánagötu frá Hafnarstræti að Fjarðarstræti.
7. Mjallargötu frá Fjarðarstræti að Hafnarstræti.

3.

Bifreiðastöður bannaðar.

Samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar hafa bifreiðastöður verið bannaðar á eftirgreindum stöðum:

1. Hafnarstræti frá Pólgötu að Silfurgötu, austan megin götunnar og beggja vegna götunnar frá Smjörlikisgerð að Silfurtorgi og frá Pólgötu að Austurvegi.
2. Í Fjarðarstræti beggja vegna götunnar frá Hrannargötu að Mjallargötu og sunnan megin götunnar alls staðar annars staðar.
3. Við Austurveg framan við húsin nr. 1 og 2.
4. Við Aðalstræti frá Silfurtorgi að Bræðraborg sunnan megin götunnar.
5. Við sunnanverðan Engjaveg.
6. Við sunnanverðan Hlíðarveg.
7. Við sunnanverða Túngötu.

Afgreiðsla bifreiða er þó heimil á þessum stöðum meðan skilað er farþegum eða flutningi, enda fari afgreiðslan fram á sem skemmstum tíma.

4.

Umferðarmerki.**A. Aðvörunarmerki.**

1. Merki um stöðvunarskyldu standa við þessi gatnamót: Hafnarstrætis og Austurvegar, Hafnarstrætis og Pólgötu, Hafnarstrætis og Mjallargötu, Hafnarstrætis og Sólgötu, Sólgötu og Fjarðarstrætis, Hafnarstrætis og Torfnesevegur, Hafnarstrætis og Túngötu, Hafnarstrætis og Seljalandsvegur, Urðarvegur og Hlíðarvegur og Túngötu og Fjarðarstrætis.
2. Biðskyldumerki standa við þessi gatnamót: Suðurgötu og Ásgeirsgötu, Árnagötu og Suðurgötu, Batahafnar og Suðurgötu, Aðalstrætis og Sundstrætis, Aðalstrætis og Skipagötu, Tangagötu og Austurvegar, Tangagötu og Fjarðarstrætis, Norðurvegur og Fjarðarstrætis, Pólgötu og Fjarðarstrætis, Hafnarstrætis og Mánagötu, Mánagötu og Fjarðarstrætis, Hafnarstrætis og Hrannargötu, Hrannargötu og Fjarðarstrætis, Eyrargötu og Fjarðarstrætis, Túngötu og Eyrargötu (frá Hlíðarvegi), Túngötu og Þvergötu frá Hlíðarvegi, Seljalandsvegur og Engjavegur, Seljalandsvegur og Miðtúns, Sætúns og Vallartúns, Miðtúns og Vallartúns og Nestúns og Seljalandsvegur.
3. Merki um að innakstur sé bannaður stendur við þessar götur: Sundstræti og Þvergötu, Sundstræti og Silfurgötu og Túngötu og Eyrargötu.

B. Bannmerki. Sett hafa verið upp á nokkrum stöðum merki um að allur akstur sé bannaður og bifreiðastöður bannaðar.**C. Ýmis umferðarmerki.**

Sett hafa verið upp merki þar sem bifreiðastöður eru leyfðar og afmarkaðir reitir, þar sem ber að leggja bifreiðum skipulega. Gangbrautir fyrir vegfarendur hafa verið málaðar með hvítum strikum og merktar (merki D. 2). Þá hafa verið sett upp aðvörunarmerki, og akreinalínur settar á götur. Vegfarendum og bifreiðastjórum ber að fara nákvæmlega eftir þessum merkjum, sem sett eru í samræmi við umferðarlög, og önnur fyrirmæli um umferð í kaupstaðnum.

5.

Ökuhraði.

Ökuhraði bifreiða og bifhjóla í kaupstaðnum skal vera 35 km. miðað við klukkustund frá og með 26. maí n. k. þar til öðruvísi verður ákveðið, en eftir það 45 km. miðað við klukkustund, og skulu merki um það sett upp á Seljalandsvegi og Hnífsdalsvegi á mótum þjóðvegur og kaupstaðarins.

Merkjasetning samkv. framansögðu er miðuð við hægri handar umferð.

Auglýsing þessi skal taka gildi 26. maí 1968.

Bæjarfógetinn á Ísafirði, 21. maí 1968.

Jóh. Gunnar Ólafsson.